

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/874
komudagur 5.12.2012

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR

DAGSETNING

52. mál 2012-2013

30. nóvember 2012

Efni: Umsögn RARIK Orkuþróunar ehf. um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi, 52. Mál.

Umrædd tillaga til þingsályktunar er á þessa leið:

Alþingi ályktar að fela atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands með það að markmiði að greina hagkvæmstu nýtingarkosti til framtíðar. Jafnframt verði lögð drög að uppbyggingu gagnagrunns um nýtingu sjávarorku og mótuð stefna um framgang tækniþróunar á þessu sviði. Einnig yrði kannað með hvaða hætti Ísland gæti orðið aðili að alþjóðlegu samstarfi um nýtingu sjávarorku. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipi starfshóp sem skili tillögum eigi síðar en 1. maí 2013.

RARIK Orkuþróun ehf. gaf umsögn um sambærilega þingsályktunartillögu á síðasta löggjafarþingi dags. 5. mars 2012 og mun ekki endurtaka það sem fram kemur þar. Almennt sagt er fyrirtækið hlynnt því að möguleikar til nýtingar sjávarorku við strendur landsins verði rannsakaðir nánar. Á hinn bóginn er ýmislegt sem fram kemur í greinargerð með tillögunni misvísandi og sumt beinlínis rangt. Ekki verða þó rakin nánar einstök atriði eða athugasemdir hér en hnykkt á staðreyndum sem snerta RARIK og afskipti þess af rannsóknum á sjávarorku hér við land.

Sjávarorka ehf. er fyrirtæki sem starfrækt hefur verið í Stykkishólmi frá árinu 2001 m.a. með þátttöku RARIK. Aðal eigendur þess í dag eru tvö af stærstu orkufyrirtækjum landsins eða Landsvirkjun (LV) og RARIK sem eiga um 2/3 hluta samtals. Að auki á Skipavík ehf. stóran hlut auk Stykkishólmbæjar og nokkurra einstaklinga í Stykkishólmi. Aðkoma LV fyrr á þessu ári styrkir fyrirtækið verulega bæði við grunnrannsóknir en ekki síður þegar kemur að virkjun sjávarorkunnar þar eð LV er eina fyrirtækið á landinu sem hefur möguleika á að keyra miðlaðar vatnsaflsvirkjanir á móti sjávarfallavirkjunum ef og þegar raforkuframleiðsla hefst frá þeim í einhverju mæli.

Framundan hjá Sjávarorku ehf. vorið 2013 er áframhald straummælinga með eigin mælitæki í og við Hvammsfjörð. Er það gert bæði til þess að geta kvarðað enn frekar stærðfræðilíkan það sem lokið var við 2008 af straumum sem myndast í Hvammsfirði af völdum sjávarfalla sem og til þess að geta mælt strauma á einstökum stöðum þar í þeim tilgangi að geta staðsett virkjanir framtíðarinnar sem hagkvæmast. Unnið verður einnig að því á næstu misserum að tengjast erlendum stofnunum sem sérhæfðar eru á þessu sviði eins og t.d. EMEC á Orkneyjum í þeim tilgangi að skipuleggja og undirbúa vinnu tengdri sjávarfallavirkjunum í Breiðafirði og jafnvel víðar. Hugmyndir eru uppi hjá stjórn og

eigendum Sjávarorku ehf. um að koma á laggirnar innan nokkurra ára tilraunaframleiðslu við Hvammsfjörð í samstarfi við erlendan hverflaframleiðenda sem myndi á sama tíma fá tækifæri til frekari tilrauna og rannsókna við kjöraðstæður eins og eru til staðar í Hvammsfirði. Það er reyndar álit þeirra sérfræðinga sem RARIK hefur leitað til að aðstæður við Hvammsfjörð og Stykkishólm séu þær bestu á landinu öllu til tilrauna og rannsókna á þessu sviði.

Áhugi hefur verið og er hjá Sjávarorku ehf. og þeim aðilum sem standa að fyrirtækinu að koma á fót „Sjávarorkusetri“ í Stykkishólmi með 1-2 starfsmönnum. Eins og áður hefur komið fram er stefnt að því að þar yrði unnið að rannsóknum til framgangs virkjunar mismunandi forms sjávarorku til vinnslu raforku hér á landi í framtíðinni. Auk þess yrði staðið fyrir uppbyggingu á gagnasafni og leitast við að samræma sjávarorkurannsóknir hér á landi. Með því móti verður unnt að kortleggja það afl og þá orku sem býr í orku sjávar við strendur landsins alls. Eðlilegt væri að slíkt sjávarorkusetur yrði aðili af Íslands hálfu að alþjóðasamtökum á þessu sviði eins og t.d. OES sem komið var á laggirnar af IEA. Auk Sjávarorku ehf. hafa ýmsir aðilar sýnt áhuga á aðkomu að málinu og var það m.a. til umræðu nýlega á fundi fulltrúa þeirra sem standa að Sjávarorku ehf. (LV, RARIK og Skipavík) með Þróunarfélagi Snæfellinga ehf. og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fulltrúi frá HÍ sat einnig fundinn, en mikilvægt er að góð samvinna takist með Háskólasetri í Stykkishólmi og væntanlegu „Sjávarorkusetri“ sem staðsett yrði þar. Mjög líklegt er að margir af þeim aðilum sem samstarf var haft við á árinu 2011 um stofnun „Sjávarorkuseturs“ vilji koma að málinu eins og t.d. Verkís, OV, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Hafrannsóknarstofnun og ýmsir háskólar (HÍ, HR, Keilir).

Varðandi tækniþróun á eigin hverflum vill RARIK Orkuþróun ehf. endurtaka efasemdir um skynsemi þess að Íslendingar standi að slíkri þróun upp á eigin spýtur og kosti hana einir. Enda þótt einhverjir áfangasigrar hafi etv. náðst og alþjóða sprotaverðlaun fengist er langt í frá að björninn sé unninn og þróunarvinna sem framundar er mjög kostnaðarsöm. Bent er á að miklu nær væri að eiga samstarf við sterka erlenda aðila sem unnið hafa að hönnun og tækniþróun á þessu sviði og hafa fjármagn til þess að þróa starfhæfa frumgerð af hverflum sem talið er að geti etv. staðist þá miklu samkeppni sem ríkir á þessu sviði.

Það er álit RARIK Orkuþróunar ehf. að halda beri þeim þáttum aðskildum sem fjallað er um í tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi annars vegar og hins vegar hvaða stefnu móta skal varðandi framgang tækniþróunar hér á landi á þessu sviði.

F.h. RARIK Orkuþróunar ehf.

Virðingarfyllst



Steinar Friðgeirsson

Framkvæmdastjóri